

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 28. september 2010 í máli nr. X-97/2009:

Sigurður Hreinn Sigurðsson og

Maria Elvira Mendez Pinedo

(Kári Hólmar Ragnarsson hdl.)

gegn

Frjálsa fjárfestingabankanum hf.

(Bjarki Már Baxter hdl.)

I

Mál þetta var þingfest 27. janúar 2010, en þá var lagt fram bréf slitastjórnar Frjálsa fjárfestingabankans hf., mótttekið 22. desember 2009, þar sem óskað var dómsmeðferðar vegna ágreinings um lýsta kröfu sóknaraðila við slit bankans. Erindinu var beint til héraðsdóms á grundvelli 171. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., sbr. og 2. mgr. 120. gr. sömu laga.

Samkvæmt bréfi slitastjórnar skipaði Héraðsdómur Reykjavíkur Frjálsa fjárfestingabankanum hf., Lágmúla 6, Reykjavík, slitastjórn 23. júní 2009. Innköllun var gefin út 22. júlí 2009 og rann kröfulýsingarfrestur út 22. október sama ár. Sóknaraðilar, Sigurður Hreinn Sigurðsson og Maria Elvira M. Pinedo, bæði til heimilis að Grundarstíg 4, Reykjavík, lýstu kröfum sínum 22. október 2009, annars vegar búskröfu að fjárhæð 1.792.297 krónur, en hins vegar almennri kröfu að fjárhæð 13.788.281 krónu. Að auki kröfðust þau þess að slitastjórn viðurkenndi að þeim væri óskýlt að greiða afborganir af lánum sínum hjá varnaraðila, umfram það sem gert var ráð fyrir í upprunalegum greiðsluáætlunum vegna nánar tiltekinna lána, að teknu tilliti til niðurgreiðslu á höfuðstóli. Kröfur sóknaraðila voru á því byggðar að „svokölluð gengistryggð lán séu ólögleg skv. íslenskum rétti og því sé bankanum óheimilt að krefja [kröfuhafa] um endurgreiðslu lánsins, sem þau fengu í íslenskum krónum, þannig að miðað sé við gengi erlendra gjaldmiðla“, eins og orðrétt segir í bréfi slitastjórnar. Til stuðnings kröfum sínum vísuðu sóknaraðilar einkum til 13. og 14. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, auk lögskýringargagna og annarra laga. Fjárkröfur þeirra voru skilgreindar sem endurgreiðslukröfur vegna ofgreiddra lána.

Slitastjórn varnaraðila hafnaði kröfum sóknaraðila með þeim rökum að skilmálar lánsamninga og/eða annarra skuldaskjala hafi ekki brotið gegn 13. og 14. gr. laga

nr. 38/2001. Sóknaraðilar mótmæltu afstöðu slitastjórnar, en ágreiningur aðila varð ekki jafnaður. Í kjölfarið var ákveðið að vísa ágreiningnum til dómstóla, eins og áður greinir.

II

Endanlegar kröfur sóknaraðila hljóða þannig:

I. Aðallega að krafa um greiðslu 1.625.952 króna teljist búskrafa samkvæmt 3. tölulið 110. gr. laga nr. 21/1991, en til vara almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991.

II. Að krafa um greiðslu 13.698.797 króna teljist almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991.

III. Aðallega að viðurkennt verði að sóknaraðilum sé óskýlt að greiða afborganir af lánnum sínum hjá Frjálsa fjárfestingabankanum umfram það sem gert var ráð fyrir í upprunalegum greiðsluáætlunum vegna lánanna, að teknu tilliti til niðurgreiðslu á höfuðstól. Þannig skuli hámarksgreiðslur sóknaraðila vegna lána hjá bankanum, að meðtöldum þeim afborgunum sem þegar hafa verið inntar af hendi, nema

10.106.216 krónum vegna láns nr. 000033

24.525.304 krónum vegna láns nr. 712986

8.779.350 krónum vegna láns nr. 713011

16.144.530 krónum vegna láns nr. 713020.

Til vara er sú krafa gerð að ákvæði 2. gr. í skilmálum veðskuldabréfa, útgefnum af sóknaraðilum, nr. 000033, 712986, 713011 og 713020, hvers fyrir sig, verði ógilt með dómi og viðurkennt að skuldir sóknaraðila samkvæmt veðskuldabréfunum séu í íslenskum krónum, án tenginga við gengi erlendra gjaldmiðla. Að öðru leyti skuli ákvæði veðskuldabréfanna halda gildi sínu.

Til þrautavara er þess krafist að ákvæði 2. gr. í skilmálum veðskuldabréfa, útgefnum af sóknaraðilum, nr. 000033, 712986, 713011 og 713020, hvers fyrir sig, verði ógilt með dómi og viðurkennt að skuldir sóknaraðila séu í íslenskum krónum, án tenginga við gengi erlendra gjaldmiðla. Jafnframt skuli ákvæðum veðskuldabréfanna, hvers um sig, breytt þannig að skuldin beri fasta 5% vexti á ársgrundvelli.

Í öllum tilvikum er gerð krafa um málskostnað að skaðlausu úr hendi varnaraðila, ásamt álagi sem nemur virðisaukaskatti, samkvæmt mati dómsins.

Endanlegar kröfur varnaraðila eru svohljóðandi:

Aðallega að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Til vara er þess krafist að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Þá er þess krafist að viðurkennt verði að skilmálar veðskuldabréfa nr. 33, 712986, 712990, 713020 og 713011 verði þannig að upphaflegur höfuðstóll þeirra, umreiknaður í íslenskar krónur miðað við útborgunardag hvers láns, 4. nóvember 2004 vegna skuldabréfs nr. 33, umreiknuð fjárhæð 7.700.000 krónur, 30. janúar 2006 vegna skuldabréfs nr. 712986, umreiknuð fjárhæð 19.200.000 krónur, 28. febrúar 2006 vegna skuldabréfs nr. 712990, umreiknuð fjárhæð 11.287.000 krónur, 23. febrúar 2006 vegna skuldabréfs nr. 713011, umreiknuð fjárhæð 7.185.000 krónur og 30. janúar 2006 vegna skuldabréfs nr. 713020, umreiknuð fjárhæð 12.600.000 krónur, breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölu neysluverðs samkvæmt 14. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá útborgunardegi miðað við grunnvísitöluna 237,4 stig vegna veðskuldabréfs nr. 33, m.v. grunnvísitöluna 248,9 stig vegna veðskuldabréfa nr. 712986 og nr. 713020 og m.v. grunnvísitöluna 249,7 stig vegna veðskuldabréfs nr. 713011, og að veðskuldabréfin beri verðtryggða vexti samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands samkvæmt 4. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 38/2001 frá útborgunardegi hvers láns.

Til þrautavara krefst varnaraðili þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Þá er þess krafist að viðurkennt verði að skilmálar veðskuldabréfa nr. 33, 712986, 712990, 713020 og 713011 verði þannig að upphaflegur höfuðstóll þeirra, umreiknaður í íslenskar krónur miðað við útborgunardag hvers láns, 4. nóvember 2004 vegna skuldabréfs nr. 33, umreiknuð fjárhæð 7.700.000 krónur, 30. janúar 2006 vegna skuldabréfs nr. 712986, umreiknuð fjárhæð 19.200.000 krónur, 28. febrúar 2006 vegna skuldabréfs nr. 712990, umreiknuð fjárhæð 11.287.000 krónur, 23. febrúar 2006 vegna skuldabréfs nr. 713011, umreiknuð fjárhæð 7.185.000 krónur og 30. janúar 2006 vegna skuldabréfs nr. 713020, umreiknuð fjárhæð 12.600.000 krónur, beri óverðtryggða vexti samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands samkvæmt 4. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá útborgunardegi hvers láns.

Í öllum tilvikum krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðila að skaðlausu að mati dómsins.

Við upphaf aðalmeðferðar 6. september sl. lögðu málsaðilar sameiginlega fram bókun þess efnis að í tilefni af dómum Hæstaréttar 16. júní sl. í málum nr. 92/2010 og 153/2010 hafi þeir orðið ásáttir um að nýjar og breyttar varakröfur kæmst að í málinu, svo og nýjar málsástæður og lagarök. Endanlegar kröfur aðila eru í samræmi við bókun aðila.

III

Málsatvik eru í meginráttum sem hér greinir:

Sóknaraðilar eru hjón og tóku lán hjá varnaraðila til húsnæðiskaupa, fyrst árið 2004, en síðan einnig árið 2006. Samkvæmt veðskuldabréfum, sem gefin voru út í tilefni af hverri lánveitingu, er texti þeirra og skilmálar samhljóða, að undanskilinni lánsfjárhæð, lánstíma, gengisviðmiðun og vaxtaálagi. Fyrirsögn allra skuldabréfanna er „Veðskuldabréf - Fasteignalán í erlendri mynt“ og bera þau öll svohljóðandi áritun: „Skuldabréfið er gengistryggt, með breytilegum LIBOR vöxtum og jöfnum afborgunum.“ Í öllum tilvikum er lánsfjárhæðin tilgreind í íslenskum krónum, en tekið fram að hún sé „jafnvirði“ tilgreindra mynta í þeim hlutföllum sem þar greinir. Í 2. gr. skuldabréfanna segir að lánið sé „bundið sölugengi Seðlabanka Íslands á ofangreindum myntum. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á sölugengi hvernar myntar eins og það er á útborgunardegi til fyrsta gjalddaga, og síðan í hlutfalli við breytingar á sölugengi myntanna milli gjalddaga. Afborganir eru reiknaðar þannig, að á hverjum gjalddaga er deilt í höfuðstól hvernar myntar með þeim fjölda gjalddaga sem þá eru eftir, að meðtöldum þeim gjalddaga sem er í það sinn“. Skuldabréfin sundurliðast þannig:

1. Skuldabréf nr. 33, útgefið 29. október 2004. Lánsfjárhæð jafnvirði 7.700.000 króna í evrum (EUR 100%). Skilmálum var breytt 20. janúar 2006 og 8. apríl 2008 og er lánið nú bundið gengi svissneskra franka (CHF) og japanskra yena (JPY) að jöfnu. Samkvæmt greinargerð sóknaraðila nam höfuðstóll lánsins 13.411.888 krónum í febrúar 2010.
2. Skuldabréf nr. 712986, útgefið 26. janúar 2006. Lánsfjárhæð jafnvirði 19.200.000 króna í japönskum yenum (JPY 50%) og svissneskum frönkum (CHF 50%). Skilmálum var breytt 9. apríl 2008, en í engu hreyft við gengisviðmiðun. Höfuðstóll í febrúar 2010 mun hafa verið 45.355.617 krónur.
3. Skuldabréf nr. 713020, útgefið 26. janúar 2006. Lánsfjárhæð jafnvirði 12.600.000 króna í japönskum yenum (JPY 50%) og svissneskum frönkum (CHF 50%). Skilmálum var breytt 9. apríl 2008, en í engu hreyft við gengisviðmiðun. Höfuðstóll í febrúar 2010 mun hafa verið 29.713.840 krónur.
4. Skuldabréf nr. 713011, útgefið 23. febrúar 2006. Lánsfjárhæð jafnvirði 7.185.000 króna í japönskum yenum (JPY 50%) og svissneskum frönkum (CHF 50%). Skilmálum var breytt 8. apríl 2008, en ekki hreyft við gengisviðmiðun. Höfuðstóll í febrúar 2010 mun hafa verið 14.786.164 krónur.

Auk þessa tóku sóknaraðilar sams konar lán hjá varnaraðila 22. febrúar 2006, að jafnvirði 11.287.000 króna í japönskum yenum (JPY 50%) og svissneskum frönkum (CHF 50%). Var skuldabréfið nr. 712990, en lánið var greitt upp í október 2008. Við útgáfu hvers skuldabréfs var sóknaraðilum afhent fylgiskjal þar sem áætluð var heildargreiðsla á hverjum gjalddaga lánanna, þ.e. afborgun, vextir og kostnaður, allt í íslenskum krónum. Við sama tækifæri undirrituðu sóknaraðilar skjal með yfirskriftinni „Yfirlýsing – Fylgiskjal með láni í erlendri mynt“. Þar lýsa sóknaraðilar því yfir að þeir geri sér grein fyrir því að lántaka með þessum hætti sé áhættusamari en lántaka í íslenskum krónum, eins og bankinn hafi kynnt þeim sérstaklega. Þá segir þar: „Um er að ræða gengisáhættu, sem lýsir sér m.a. í því að samkvæmt tölfræðilegu mati sem byggir á sögulegum sveiflum á áhættu lána með ofangreindum hætti, getur höfuðstóll láns sem tekið er í framangreindri mynt hækkað umtalsvert á lánstímanum. Jafnframt er um að ræða vaxtaáhættu sem felst

m.a. í því að lánið er með breytilegum vaxtagrunni, 3 mánaða LIBOR/EURIBOR vöxtum, með föstu álagi.“

Í greinargerð varnaraðila lýsir hann almennri framkvæmd og fyrirkomulagi lánveitinga vegna fasteignakaupa þannig: „Þar sem lánsféð var nær undantekningarlaust nýtt til greiðslu kaupverðs á fasteign, sem var umsamið í íslenskum krónum, óskuðu lántakar eftir lánnum í erlendum myntum þar sem fjárhæð lánsins í viðkomandi myntum svaraði til ákveðinnar fjárhæðar í íslenskum krónum á útborgunardegi lánsins. Því voru veðskuldabréfin útbúin þannig að fjárhæð lánsins var tiltekin í íslenskum krónum, sem miðaðist við fjárhæð þess í íslenskum krónum á útborgunardegi lánsins, en jafnframt tekið skýrlega fram í veðskuldabréfunum að lánið væri í erlendum myntum og síðan hlutfall hvernar myntar tiltekið eftir því hvaða myntkarfa var valin. Í framhaldinu var veðskuldabréf útbúið, undirritað og því þinglýst og lánsfjárhæðin greidd út þegar í kjölfarið, oft daginn eftir þinglýsingu [...]. Hinar erlendu myntir voru seldar fyrir lántaka fyrir íslenskar krónur sem voru greiddar til lántaka, að frádregnum kostnaði. Lántakar fengu sendar kaupnótur þegar lánin voru greidd út þar sem fram kom að lánin hefðu verið greidd út í erlendum myntum sem nýttar hefðu verið til kaupa á íslenskum krónum svo og hver kostnaður var.“

Ágreiningur aðila lýtur fyrst og fremst að því hvort áðurnefnd veðskuldabréf feli í sér skuldbindingu í erlendri mynt eða íslenskum krónum, sem bundnar séu gengi erlendra gjaldmiðla.

Við upphaf aðalmeðferðar gáfu sóknaraðilar skýrslu fyrir dómnum. Verður vikið að framburði þeirra svo sem tilefni þykir til.

IV

Sóknaraðilar byggja á því að ákvæði umræddra veðskuldabréfa, sem mæla fyrir um tengingu lánanna við gengi erlendra gjaldmiðla, séu óskuldbindandi fyrir sóknaraðila, enda fari samningsákvæðin í bága við ófrávíkjanlegar reglur 13. og 14. gr. laga nr. 38/2001. Því til stuðnings benda þeir á dóma Hæstaréttar í málum nr. 153/2010 og 92/2010 frá 16. júní sl., og telja þá ótvírætt fordæmi við úrlausn þessa ágreinings. Í tilviki sóknaraðila í máli þessu hafi lánsféð verið í íslenskum krónum og beri skilmálar skuldabréfanna skýrlega með sér að lánin hafi verið gengistryggð. Í því sambandi er bent á áritun á skuldabréfunum þess efnis að þau séu gengistryggð, lánsfjárhæðin var í hverju tilviki tengd erlendum myntum, lánið var bundið sölugengi Seðlabanka Íslands og skyldi höfuðstóll breytast í hlutfalli við breytingar á sölugengi hvernar myntar. Í ljósi þessa telja sóknaraðilar engan vafa leika á því að umrædd lán séu gengistryggð lán í íslenskum krónum. Lög nr. 38/2001 heimili hins vegar ekki að lán í íslenskum krónum séu verðtryggð með því að binda þau við gengi erlendra gjaldmiðla.

Af hálfu sóknaraðila er einnig á því byggt að leggja beri fremur áherslu á efnis lánasamninganna en form. Þannig skipti engu máli þótt fyrirsögn veðskuldabréfanna gefi til kynna að um sé að ræða fasteignalán í erlendri mynt. Aðalatriðið sé að lánsféð hafi verið greitt út í íslenskum krónum og hafi þeim ekki verið gefinn kostur á að fá lánið greitt í annarri mynt. Ekki hafi heldur verið heimilt

að greiða afborganir í erlendri mynt. Þá telja sóknaraðilar það enga þýðingu hafa við úrlausn málsins þótt varnaraðili hafi keypt erlenda mynt í aðdraganda lánveitinganna eða að þeir hafi við útgáfu skuldabréfanna undirritað fylgiskjal þar sem varað var við gengisáhættu vegna lánanna. Yfirlýsingarnar staðfesti hins vegar að ekki hafi verið um að ræða lán í erlendri mynt, heldur gengistryggt lán í íslenskum krónum. Þá byggja sóknaraðilar á því að varnaraðili hafi einn ráðið orðalagi lánsamninganna og sóknaraðilar ekkert komið að samningu skilmála þeirra. Við túlkun samninganna beri því að hafa hliðsjón af andsýringarreglu samningaréttarins, sbr. og 36. gr. b. samningalaga nr. 7/1936, og túlka óskýr samningsatriði sóknaraðilum í hag. Einnig er til þess vísað að almennt sé talið að gera verði miklar kröfur til fjármálafyrirtækja um vandvirkni, aðgæslu og skýrleika þeirra samninga sem þar eru gerðir.

Jafnvel þótt dómurinn komist að þeirri niðurstöðu að umrædd lán til sóknaraðila séu ekki í íslenskum krónum, er á því byggt að ákvæði lánsamninganna um útreikning á afborgunum séu óskuldbindandi fyrir þá, enda gengistrygging lánanna ógild. Hins vegar er þá á því byggt að önnur ákvæði veðskuldabréfanna haldi gildi sínu og að óheimilt sé að breyta ákvæðum veðskuldabréfanna sóknaraðilum í óhag. Þessu til stuðnings vísa sóknaraðilar til 36. gr. samningalaga nr. 7/1936, þar sem fram kemur að samningi megi víkja til hliðar ef talið yrði ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig, en einnig til ákvæða 36. gr. a.-d. í sömu lögum, reglna samningaréttar um brostnar forsendur, sjónarmiða um neytendavernd, sbr. lög um neytendalán nr. 121/1994, og ákvæða laga nr. 57/2005, um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Þá telja sóknaraðilar að varnaraðili verði að bera hallann af ólögmæti samningsákvæða, enda hafi honum mátt vera ljóst að óheimilt væri að tengja lánsamning í íslenskum krónum við erlenda mynt. Enn fremur halda sóknaraðilar því fram að samningsefndir þeirra falli undir meginregluna um óviðráðanleg atvik, force majeure, þar sem verðfall krónunnar og hrun banka- og fjármálakerfisins hafi verið þeim ófyrirsjáanlegt. Af sömu ástæðu er einnig vísað til sanngirniskraka og eðlis máls.

Fjárhæðir krafna sóknaraðila samkvæmt liðum I. og II. í kröfugerð þeirra er mismunur á raungreiðslum þeirra samkvæmt greiðsluseðlum og áætluðum greiðslum samkvæmt fylgiskjali sem afhent var þeim við útgáfu hvers skuldabréfs, en að viðbættum innheimtukostnaði lögmanns. Fyrri krafan, að fjárhæð 1.625.952 krónur, er samtala afborgana af lánum sóknaraðila eftir 23. júní 2009 til kröfulýsingardags, 22. október 2009, en síðari krafan, að fjárhæð 13.698.797 krónur, er sú fjárhæð sem sóknaraðilar telja ofgreiddar afborganir til 23. júní 2009 miðað við fyrrnefndar greiðsluáætlanir. Þar sem fyrri krafan varð til eftir upphaf slitameðferðar varnaraðila, krefjast sóknaraðilar þess að krafan njóti stöðu búskrófu, sbr. 3. mgr. 110. gr. laga nr. 21/1991, en til vara að hún verði viðurkennd sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. sömu laga. Þá er þess krafist að síðari krafan, að fjárhæð 13.698.797 krónur, verði einnig viðurkennd sem almenn krafa.

Viðurkenningarkrafa sóknaraðila samkvæmt III. lið kröfugerðar byggist á því að þeim sé í framtíðinni óskýlt að greiða umfram það sem gert var ráð fyrir í upphafi, að teknu tilliti til niðurgreiðslu á höfuðstól. Fjárhæð hvers láns tekur mið af eftirstöðvum lánsins samkvæmt greiðsluáætlun.

Varakrafa og þrautavarakrafa samkvæmt III. lið kröfugerðar þeirra byggist á því að 2. gr. skilmála skuldabréfanna verði ógilt með dómi og viðurkennt að skuldir sóknaraðila séu í íslenskum krónum, án tenginga við gengi erlendra mynta. Að öðru leyti skuli ákvæði veðskuldabréfanna gilda eða þeim breytt þannig að skuldin beri fasta 5% vexti á ársgrundvelli.

Um lagarök, kröfum sínum til stuðnings, vísa sóknaraðilar m.a. til laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, einkum 2., 13. og 14. gr. þeirra, laga nr. 22/1968, um gjaldmiðil Íslands, laga um gjaldeyrismál nr. 87/1992, einkum 1. gr., laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991, einkum 109.-114. gr. þeirra, laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa nr. 7/1936, einkum III. kafla þeirra, laga nr. 32/2009, um ábyrgðarmenn, meginreglna samninga- og kröfuréttar um brostnar forsendur og óviðráðanlegar ytri aðstæður (force majeure) og ómöguleika, laga um neytendalán nr. 121/1994, einkum 6., 7., 8. og 27. gr. þeirra, laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins nr. 57/2005, einkum 8., 9. og 10. gr., sbr. einnig 5., 6. og 9. gr. laganna eins og þau voru fyrir gildistöku breytingarlaga nr. 50/2008, óskráðra reglna samningaréttar um trúnaðar- og tillitsskyldur í samningssambandi, reglna um skaðabætur innan samnings og reglna um óréttmæta auðgun. Jafnframt er vísað til sanngirniskraka og eðlis máls, auk ákvæða EES-samningsins og laga nr. 2/1993, einkum 3. gr., og tilskipana 93/13/EBE og 2005/29/EB. Krafa um málskostnað styðst við XXI. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, en krafa um virðisaukaskatt byggist á lögum nr. 50/1998.

V

Varnaraðili hafnar því að dómur Hæstaréttar 16. júní sl. í málum nr. 92/2010 og 153/2010 hafi fordæmisgildi við úrlausn þessa ágreinings, enda séu málsatvik og framlögð gögn í þeim málum allt annars eðlis en í þessu máli. Um leið hafnar hann því að lán til sóknaraðila hafi verið veitt í íslenskum krónum og gengistryggð. Þvert á móti byggir hann á því að lánin hafi verið veitt í erlendum myntum og fari skilmálar skuldabréfanna því á engan hátt gegn lögum. Jafnframt er því mótmælt sem ósönnuðu að varnaraðili hafi lofað, ábyrgst eða samið um að afborganir lánanna yrðu í samræmi við framlagðar áætlanir um greiðslu á hverjum gjalddaga þeirra.

Aðalkrafa varnaraðila er á því reist að umrædd lán hafi verið veitt sóknaraðilum í erlendum myntum, og beri gögn málsins það skýrlega með sér. Slíkar lánveitingar séu heimilar og hafi verið það um langt skeið. Sóknaraðilar hafi sjálfir óskað eftir slíkum lánnum, enda hafi þau verið hagstæðari en almenn verðtryggð fasteignalán, og hafi þeir vitað að vextir af lánunum væru breytilegir LIBOR vextir. Þeir hafi fengið erlend lán, eða jafnvirði þeirra í íslenskum krónum, eins og fram komi í texta skuldabréfanna og sjá megi á kaupnótum vegna viðskipta með erlendan gjaldeyri. Þá komi skýrlega fram í fyrirsögn skuldabréfanna, skilmálabreytingum lánanna og fylgiskjali með hverju láni að lánin séu í erlendri mynt. Loks hafi allir greiðsluseðlar og kvittanir borið með sér fjárhæð afborgunar og vaxta í erlendri mynt. Í ljósi þessa telur varnaraðili að sóknaraðilum hafi ekki getað dulist að fjárskuldbindingar þeirra samkvæmt áður nefndum skuldabréfum væru í erlendum myntum. Sérstaklega bendir hann á að sóknaraðilar hafi á lánstímanum notið styrkingar íslensku krónunnar gagnvart umsömdum gjaldmiðlum, þar sem

greiðslubyrði og höfuðstóll lánsins hafi lækkað í íslenskum krónum, auk þess sem vextir hafi verið lágir. Að sama skapi hafi sóknaraðilar borið áhættuna af veikingu krónunnar gagnvart hinum erlendu myntum. Af þessum ástæðum, en ekki síður í ljósi þess að sóknaraðilar hafi sérstaklega verið varaðir við gengisáhættu samfara hverri lántöku, telur varnaraðili að sóknaraðilar geti ekki nú borið fyrir sig að þeir hafi ekki gert sér ljóst að um lánveitingu í erlendri mynt væri að ræða. Þá leggur varnaraðili áherslu á að sóknaraðilar hafi í fjögur ár greitt af umræddum lánnum, án nokkurra athugasemda um lögmæti þeirra eða tengingar þeirra við gengi hinna erlendu mynta.

Varnaraðili hafnar því að samningsskilmálar skuldabréfanna hafi verið ósanngjarnir eða andstæðir góðri viðskiptavenju, svo og að sóknaraðilar geti borið fyrir sig ógildingarreglur samningaréttar, óviðráðanleg atvik, brostnar forsendur eða að varnaraðili hafi brotið gegn ákvæðum laga um neytendavernd eða lögum um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Jafnframt er hafnað staðhæfingu sóknaraðila um að þeim hafi verið óheimilt að endurgreiða lánin í umsömdum erlendum myntum. Sóknaraðilar hafi hins vegar sjálfir kosið að greiða af lánnum sínum í íslenskum krónum.

Verði niðurstaða dómsins sú að umræddir lánsamningar feli í sér skuldbindingar í íslenskum krónum, og ákvæði þeirra um gengistryggingu í andstöðu við reglur VI. kafla laga nr. 38/2001, byggir varnaraðili á því að forsendur lánskjara samkvæmt skuldabréfunum séu brostnar. Sanngirnirök og eðli máls mæli með því að skilmálum skuldabréfanna verði þá breytt til samræmis við varakröfur varnaraðila. Að öðrum kosti telur varnaraðili ljóst að sóknaraðilar auðgisti með ólögmætum og ósanngjörnum hætti. Sóknaraðilar eigi ekki að verða betur settir, heldur eins settir og ef þeir hefðu tekið lán í íslenskum krónum, með þeim skilmálum sem almennt buðust á þeim tíma. Miðist varakröfurnar við þær forsendur.

Um lagarök vísar varnaraðili einkum til laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, einkum 13. og 14. gr. þeirra, laga um neytendalán nr. 121/1994, laga nr. 22/1968, um gjaldmiðil Íslands, laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, einkum 101. gr., samningalaga nr. 7/1936, einkum 36. gr. og 36. gr. a.-c., laga um samningsveð nr. 75/1997, laga nr. 2/1993, um EES-samninginn og laga nr. 57/2005, um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Jafnframt er vísað til meginreglna samninga- og kröfuréttar um efndir fjárskuldbindinga, um samningsfrelsi og um að samninga skuli halda, svo og meginreglna skaðabótaréttar um samþykki, áhættutöku og force majeure, sem og reglna um óréttmæta auðgun. Málskostnaðarkrafa er reist á 130. – 131. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

VI

Eins og áður greinir lýstu sóknaraðilar fjárkröfum við slit varnaraðila, annars vegar búskröfu samkvæmt 3. t. l. 110. gr. laga nr. 21/1991, en hins vegar almennri kröfu samkvæmt 113. gr. sömu laga. Kröfurnar byggðust á því að lánsamningar aðila væru í íslenskum krónum og hefði varnaraðila verið óheimilt að verðtryggja lánsfjárhæðina með því að binda hana við gengi erlendra gjaldmiðla. Því ættu sóknaraðilar rétt á endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar sem þeir höfðu greitt varnaraðila,

umfram það sem gert hefði verið ráð fyrir í greiðsluáætlunum sem þeim voru látnar í té við hverja lántöku. Að auki kröfðust sóknaraðilar þess að slitastjórn viðurkenndi að þeim væri óskýlt að greiða afborganir af lánnum sínum hjá varnaraðila, umfram það sem gert var ráð fyrir í upprunalegum greiðsluáætlunum, að teknu tilliti til niðurgreiðslu á höfuðstóli. Varnaraðili hafnaði kröfum sóknaraðila og byggðist afstaða hans á því að umræddir samningar væru um lán í erlendri mynt. Við upphaf aðalmeðferðar juku málsaðilar við fyrri kröfur sínar, og skýrist það af dómum Hæstaréttar 16. júní 2010 í málum nr. 92/2010 og 153/2010, en með þeim dómum var skorið úr ágreiningi um lánsamninga sem höfðu að geyma ákvæði sem svipar um margt til þeirra sem deilt er um í þessu máli. Kröfur aðila nú fela að hluta til í sér að dómurinn viðurkenni að aðrir skilmálar lánsamninganna haldi gildi sínu, ýmist óbreyttir eða í breyttri mynd, verði niðurstaða dómsins sú að samningarnir hafi að geyma skuldbindingar í íslenskum krónum og ákvæði þeirra um gengistryggingu þar af leiðandi ógilt. Ekki verður séð að endanleg kröfugerð aðila fari í bága við ákvæði XXIII., sbr. og XXIV. kafla laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Áður en leyst verður úr einstökum kröfum málsaðila er nauðsynlegt að skera úr um hvort umræddir samningar séu um lán í erlendri mynt eða íslenskum krónum.

Fram er komið að sóknaraðilar sóttu fyrst um lán hjá varnaraðila á árinu 2004. Í lánsúmsókn þeirra kemur fram að lánið sé ætlað til endurfjármögnunar. Jafnframt er þar ritað „100% EUR“. Sigurður Hreinn Sigurðsson, annar sóknaraðila, sagði fyrir dómi að þau hjón hefðu með láninu viljað breyta íslenskum lánnum, sem hvíldu á íbúð þeirra að Mjóstræti 6, í gengistryggt lán, enda hefðu betri kjör verið á slíku láni. Varnaraðili veitti sóknaraðilum umbeðið lán og var skuldabréf gefið út 29. október 2004. Fyrirsögn skuldabréfsins er „Veðskuldabréf – Fasteignalán í erlendri mynt“, og viðurkenna útgefendur þar að skulda varnaraðila „jafnvirði kr. 7.700.000 í eftirtöldum myntum og hlutföllum: EUR 100% (evrur) sem endurgreiddast með eftirfarandi skilmálum...“. Lánstími er þar tiltekinn, upphafsdagur vaxta, gjalddagi fyrstu afborgunar, fjöldi afborgana, greiðslustaður og mánuðir milli gjalldaga. Um vexti segir þar „3 mán LIBOR“, vaxtaálag er tilgreint 1,40% og vaxtaflokkur „Libor“. Í 2. gr. skuldabréfsins segir síðan: „Lán þetta er bundið sölugengi Seðlabanka Íslands á ofangreindum myntum. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á sölugengi hvernar myntar eins og það er á útborgunardegi til fyrsta gjalddaga, og síðan í hlutfalli við breytingar á sölugengi myntanna milli gjalldaga. Afborganir eru reiknaðar þannig, að á hverjum gjalddaga er deilt í höfuðstól hvernar myntar með þeim fjölda gjalldaga sem þá eru eftir, að meðtöldum þeim gjalddaga sem er í það sinn.“ Neðan við númer skuldabréfsins, efst í hægra horni þess, er feitletraður svohljóðandi texti: „Skuldabréfið er gengistryggt, með breytilegum LIBOR vöxtum og jöfnum afborgunum.“ Eins og áður greinir var skilmálum þessa skuldabréfs breytt 20. janúar 2006 og 8. apríl 2008, að ósk sóknaraðila, og var lánsfjárhæðin eftirleiðis bundin gengi japansks yens og svissneskra franka að jöfnu. Um leið var kveðið á um að gjaldfallnar fjárhæðir skyldu ávallt umreiknast í íslenskar krónur. Fyrir dómi sagði Sigurður Hreinn Sigurðsson að ástæðan fyrir skilmálabreytingunni 20. janúar 2006 hefði verið sú að vextir af japönskum yenum og svissneskum frönkum hefðu verið lægri en af evru, en einnig hefðu þau hjón talið betra að deila áhættunni á fleiri gjaldmiðla. Að undanskilinni lánsfjárhæð, lánstíma, upphafsdegi vaxta og vaxtaálagi er texti allra skuldabréfanna sem um er deilt í máli þessu hinn sami og hér hefur verið lýst. Lánsfjárhæðin er þar einnig bundin gengi japansks yens og

svissneskra franka að jöfnu. Í lokamálslið 7. gr. allra veðskuldabréfanna, að undanskildu fyrsta skuldabréfinu sem fjallað er um hér að ofan, segir að gjaldfallnar fjárhæðir umreiknist ávallt í íslenskar krónur. Í öllum þeim skuldabréfum sem sóknaraðilar gáfu út á árinu 2006 segir að vextir reiknist frá „útborgunardegi“, en samkvæmt fyrsta skuldabréfinu reiknast þeir frá 27. október 2004.

Samhliða útgáfu veðskuldabréfanna undirrituðu sóknaraðilar yfirlýsingu með yfirskriftinni „Fylgiskjal með láni í erlendri mynt“, en þar lýstu sóknaraðilar því yfir að þau gerðu sér grein fyrir því að lántaka með þessum hætti væri áhættusamari en lántaka í íslenskum krónum. Þá var þeim og afhent fylgiskjal, þar sem áætluð var heildargreiðsla á hverjum gjalddaga lánanna, þ.e. afborgun, vextir og kostnaður, allt í íslenskum krónum. Loks skal þess getið að allar skilmálabreytingar lánanna báru yfirskriftina „Breyting á greiðsluskilmálum veðskuldabréfs í erlendri mynt.“

Meðal gagna málsins eru kaupnótur vegna sölu á japönskum jenum og svissneskum frönskum. Stafa þær frá varnaraðila, en eru gefnar út á nafn sóknaraðila. Af texta þeirra má helst ráða að sóknaraðilar hafi selt japönsk yen og svissneska franka og hafi andvirðið, íslenskar krónur, verið greitt á nánar tilgreindum degi vegna láns. Í öllum tilvikum er fjárhæðin nokkru lægri en lánsfjárhæðin á því skuldabréfi sem kaupnótan vísar til. Telur varnaraðili að kaupnótturnar staðfesti að lánin hafi verið veitt í erlendum myntum, sem seldar voru samdægurs fyrir íslenskar krónur. Ekki er þó um það deilt að sóknaraðilar fengu hvorki hina erlendu mynt í hendur né höfðu þeir nokkur afskipti af þeim gjaldeyrisviðskiptum sem kaupnótunum er ætlað að staðfesta. Fyrir dómi kvaðst Sigurður Hreinn Sigurðsson, annar sóknaraðila, ekki geta staðfest að hann hefði áður séð kaupnótturnar. Fram kom einnig í máli hans að þau hjón hefðu talið sig vera að taka lán í íslenskum krónum, enda hefði ekki verið boðið upp á annað.

Í málinu liggja einnig frammi samrit af fjölda greiðsluseðla sem varnaraðili gaf út á hendur sóknaraðilum. Á nokkrum þeirra má sjá upphaflegt nafnverð í hinni erlendu mynt, en í öllum tilvikum er afborgun tilgreind, ásamt vöxtum, eftirstöðvum eftir greiðslu og heildarfjárhæð, allt í erlendri mynt. Loks er gengi myntarinnar skráð og greiðslufjárhæðin tilgreind í íslenskum krónum. Í skýrslu beggja sóknaraðila fyrir dómi kom fram að þeir hefðu spurst fyrir um hvort hægt væri að greiða afborganir í erlendri mynt, en því hefði verið neitað. Þessari staðhæfingu hafnar varnaraðili og heldur því fram að sóknaraðilar hafi sjálfir kosið að greiða af lánunum í íslenskum krónum. Staðhæfingar sóknaraðila eiga sér engu að síður fulla stoð í lokamálslið 7. gr. hvers veðskuldabréfs, þar sem berum orðum er tekið fram að gjaldfallnar fjárhæðir umreiknist ávallt í íslenskar krónur.

Þótt yfirskrift allra lánssamninga, sem um er fjallað í máli þessu, gefi til kynna að verið sé að semja um lán í erlendri mynt, verður ekki horft fram hjá þeirri staðreynd að lánsfjárhæðin er í öllum tilvikum í íslenskum krónum og hana bar að endurgreiða í íslenskum krónum. Í því efni breytir engu þótt lánsfjárhæðin sé sögð „jafnvirði“ íslenskra króna í þar tilgreindum myntum, enda er hvergi getið um fjárhæð hinna erlendu mynta sem yfirskrift samninganna benti til að verið væri að lána. Orðalag 2. gr. skuldabréfanna, þess efnis að umrætt lán sé bundið sölugengi Seðlabanka Íslands á umsömdum myntum, og að höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á sölugengi hvernar myntar eins og það er á útborgunardegi til fyrsta gjalddaga, bendir og ótvírætt til þess að lánið sé í íslenskum krónum, enda

ástæðulaust að taka slíkt fram ef lánið væri í raun í erlendri mynt. Hinu sama gegnir um áberandi áletrun á öllum skuldabréfunum um að skuldabréfið sé gengistryggt, með breytilegum LIBOR vöxtum og jöfnum afborgunum. Loks liggur fyrir að sóknaraðilar fengu aldrei í hendur þá erlendu mynt sem varnaraðili heldur fram að samningarnir kveði á um. Þykir þetta taka af öll tvímæli um að umræddir lánessamningar aðila eru í íslenskum krónum og gengistryggðir eftir gengi tiltekinnna erlendra gjaldmiðla á gjalddögum. Falla samningarnir því undir ákvæði VI. kafla laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Samkvæmt dómum Hæstaréttar 16. júní 2010 í málum nr. 92/2010 og 153/2010, sem hafa ótvírætt fordæmisgildi við úrlausn þessa máls, er óheimilt að binda lán í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla. Ákvæði 2. gr. lánessamninga sóknaraðila og varnaraðila um gengistryggingu var þannig í andstöðu við fyrirmæli 14. gr., sbr. og 13. gr. laga nr. 38/2001, og því ógilt frá upphafi. Af þeim sökum skuldbindur það ekki sóknaraðila.

Að fenginni þeirri niðurstöðu koma kröfur málsaðila til skoðunar.

Eins og áður greinir var sóknaraðilum við útgáfu hvers skuldabréfs afhent fylgiskjal, þar sem áætluð var heildargreiðsla á hverjum gjalddaga lánanna. Greiðsluáætlanir þessar bera með sér að ekki er gert ráð fyrir breytingum á gengi þeirra gjaldmiðla sem lánsfjárhæðin var bundin við, aðeins föstum afborgunum og vöxtum, auk kostnaðar. Í samræmi við það lækkaði heildargreiðsla á hverjum gjalddaga lánsins með lakkandi höfuðstól. Verður að fallast á það með varnaraðila að í greiðsluáætlunum þessum hafi á engan hátt falist loforð um að heildargreiðsla á hverjum gjalddaga yrði sú sem þar var tiltekin, enda á sá skilningur sér hvergi stoð í umræddum lánessamningum. Samkvæmt því verður hafnað kröfum sóknaraðila samkvæmt I. og II. tölulið kröfugerðar þeirra, svo og aðalkröfu samkvæmt III. tölulið, enda eru þær allar því marki brenndar að fjárhæð þeirra er reiknuð á grundvelli áðurnefndra greiðsluáætlana.

Bæði varakrafa og þrautavarakrafa sóknaraðila samkvæmt III. tölulið kröfugerðar þeirra mæla fyrir um að ógilt verði ákvæði 2. gr. í skilmálum oftnefndra veðskuldabréfa, en þess í stað viðurkennt að skuldir sóknaraðila séu í íslenskum krónum, án tenginga við gengi erlendra gjaldmiðla. Varakrafan gerir ráð fyrir því að ákvæði skuldabréfanna haldi að öðru leyti gildi sínu, en þrautavarakrafan að ákvæðum veðskuldabréfanna verði breytt þannig að skuldin beri fasta 5% ársvexti. Varnaraðili hafnar báðum þessum kröfum. Þess í stað gerir hann sjálfstæðar kröfur um viðurkenningu á því að skilmálum skuldabréfanna verði breytt á þann hátt sem síðari hluti varakröfu og þrautavarkröfu hans hljóðar um, telji dómurinn að lánessamningar aðila hafi verið í íslenskum krónum og gengistryggðir.

Dómurinn hefur þegar komist að þeirri niðurstöðu að skuldir sóknaraðila séu í íslenskum krónum. Af því leiðir að 2. gr. í lánessamningum aðila um gengistryggingu skulda sóknaraðila við varnaraðila skuldbindur ekki sóknaraðila. Fyrir dómnum liggur því að taka afstöðu til þess hvort og þá hvaða áhrif sú niðurstaða hafi á aðra skilmála skuldabréfanna.

Með dómi Hæstaréttar 16. september sl. í málinu nr. 471/2010 var leyst úr sambærilegu deiluefni, að því einu frátöldu að í því máli var lánessamningur aðila vegna svokallaðs „bílaláns“. Dómurinn þykir engu að síður skýlaust fordæmi þegar lagt er mat á síðastnefndar kröfur aðila þessa máls, enda verður ekki af honum ráðið að unnt sé að leggja önnur sjónarmið til grundvallar niðurstöðu, þótt í hlut

eigi lánsamningar vegna húsnæðiskaupa. Af sömu ástæðu koma ekki til skoðunar þær málsástæður sóknaraðila er lúta að því að óheimilt sé að breyta ákvæðum veðskuldabréfanna þeim í óhag. Þrautavarakrafa sóknaraðila um að lánsamningarnir skuli bera 5% ársvexti er hins vegar algerlega órökstudd, en felur að auki í sér að dómurinn kveði sjálfstætt á um vexti af peningakröfum, án þess að séð verði að dómstóll hafi heimild til slíks. Þegar af þeirri ástæðu verður að hafna þeirri kröfu.

Í forsendum tilvitnaðs dóms Hæstaréttar kemur fram að líta verði til þess að eftir að ákvæði í samningnum um gengistryggingu hafi verið metið ógilt séu skuldbindingar gagnáfrýjanda við aðaláfrýjanda að öllu leyti í íslenskum krónum og algerlega óháðar þeirri tengingu við japönsk yen og svissneska franka, sem aðilar hafi gengið út frá við gerð sammingsins. Síðan segir svo orðrétt: „Þegar virt er að ákvæðið um gengistryggingu í samningi aðilanna er ógilt og bein og órjúfanleg tengsl eru samkvæmt framansögðu milli þess ákvæðis og fyrirmæla þar um vexti er hvorki unnt að styðjast við þau fyrirmæli óbreytt eftir orðanna hljóðan né gefa þeim með skýringu annað inntak, enda liggur fyrir í málinu að á millibankamarkaði í London hafa aldrei verið skráðir LIBOR vextir af lánnum í íslenskum krónum. Vegna þessa er óhjákvæmilegt að ógildi ákvæðisins um gengistryggingu leiði til þess að líta verði með öllu fram hjá ákvæðum sammingsins um vaxtahæð.“ Einnig segir þar: „Í samningnum [...] var ekki mælt fyrir um að skuldbinding gagnáfrýjanda við aðaláfrýjanda ætti að fylgja breytingum á vísitölu neysluverðs, [...] og er hvorki unnt að gefa samningnum það inntak með skýringu né geta lög leitt til þeirrar niðurstöðu. Í samningnum var ákveðið að skuld gagnáfrýjanda bæri vexti. Með því að þar greindum fyrirmælum um hæð þeirra verður samkvæmt framansögðu ekki beitt er óhjákvæmilegt að líta svo á að atvik svári hér til þess að samið hafi verið um að greiða vexti af peningakröfu án þess að tiltaka hverjir þeir skyldu vera.“ Samkvæmt því, og með vísan til 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001, var það niðurstaða dómsins að vextir af skuldinni skyldu á hverjum tíma vera jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum, og birtir eru samkvæmt 10. gr. laganna.

Niðurstaða dóms Hæstaréttar í ofangreindu máli leiðir til þess að varakröfu sóknaraðila samkvæmt III. tölulið kröfugerðar þeirra er hafnað. Að fenginni þeirri niðurstöðu hefur dómurinn hafnað öllum kröfum sóknaraðila. Dómur Hæstaréttar kemur einnig í veg fyrir að varakrafa varnaraðila verði tekin til greina. Þess í stað verður fallist á þrautavarakröfu hans, en eins og áður segir byggist síðari liður þeirrar kröfu á þeirri forsendu að niðurstaða dómsins verði sú að 2. gr. í lánsamningum aðila, um gengistryggingu skulda sóknaraðila við varnaraðila, skuldbindi ekki sóknaraðila. Hefur dómurinn þegar komist að slíkri niðurstöðu, eins og rakið er hér að framan.

Þótt orðalag síðari liðar þrautavarakröfu varnaraðila sé ekki svo skýrt sem skyldi, fer ekki á milli mála að með henni leitar varnaraðili aðeins viðurkenningar á breyttum vaxtakjörum lánanna. Er sú merking leidd af gögnum málsins og málsástæðum hans. Þar sem enginn ágreiningur er hins vegar um efni eða inntak kröfunnar verður hún tekin til greina, en með því orðalagi sem fram kemur í úrskurðarorði. Samkvæmt síðari málslið 3. gr. laga nr. 38/2001 skal greiða vexti frá stofn degi peningakröfu. Af þeirri ástæðu verður ekki fallist á að vextir reiknist frá „útborgunardegi“ hvers láns, eins og krafan hljóðar um.

Með vísan til 2. mgr. 178. gr. laga nr. 21/1991 og 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, þykir rétt að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu.

Ingimundur Einarsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð:

Kröfum sóknaraðila, Sigurðar Hreins Sigurðssonar og Mariu Elviru M. Pinedo, við slit varnaraðila, Frjálsa fjárfestingabankans hf., er hafnað.

Viðurkennt er að skuldbindingar sóknaraðila við varnaraðila samkvæmt veðskuldabréfum nr. 33, útgefið 29. október 2004, að fjárhæð 7.700.000 krónur, nr. 712986, útgefið 26. janúar 2006, að fjárhæð 19.200.000 krónur, nr. 712990, útgefið 22. febrúar 2006, að fjárhæð 11.287.000 krónur, nr. 713020, útgefið 26. janúar 2006, að fjárhæð 12.600.000 krónur og nr. 713011, útgefið 23. febrúar 2006, að fjárhæð 7.185.000 krónur, beri vexti samkvæmt 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001, og skulu þeir á hverjum tíma vera jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum, og birtir eru samkvæmt 10. gr. sömu laga.

Málskostnaður fellur niður.

Ingimundur Einarsson